



Árnesi, 24.05.2017

Menningar – og æskulýðsnefnd. Fundargerð.

27. fundur í Menningar- og æskulýðsnefnd miðvikudaginn 24. maí 2017 í Árnesi. (Fundarherbergi) Mætt til fundar. Magnea Gunnarsdóttir, Ágúst Guðmundsson, Petrína Jónsdóttir varamaður Ólafs Hafliðasonar og Kristófer Tómasson sem ritaði fundargerð.

Magnea formaður setti fundinn kl 20:10.

1. Uppsprettan 2017- Farið var yfir fjárhagsáætlun fyrir viðburðinn. Kostnaðarliðir í góðum farvegi.

- Dagskrá Uppspretunnar undirbúin og mestu fullmótuð. Flestir liðir voru frágengnir. Meðal atriða, Leikhópurinn Lotta og Bjástrað á bæjunum.

- Upplag kynningarbæklings fyrir hátíðina, ákveðið að prenta 1.300 eintök og dreifa á öll heimili í uppsveitum. Útgáfa verði klár, helst ekki síðar en 2 júní. Farið yfir söfnun auglýsinga. Hefur það gengið vel, en nokkuð pláss er enn laust í bæklingi til ráðstöfunar.

2. Þjóðhátíðar-undirbúningur. Farið var yfir dagskrá hátíðarinnar, hún verður að þessu sinni haldin í Brautarholti. Ráðin hefur verið Fjallkona og viðræður standa yfir við ræðumann. Samið hefur verið við Kvenfélag Skeiðahrepps um kaffiveitingar. Athugað verði með skreytingar og fána í sal. Önnur dagskráratriði eru í farvegi.

3. Önnur mál. Ekki tekin fyrir önnur mál.

Fundi slitið kl : 22:55.


Næsti fundur ákveðinn 6 júní nk. Kl 20:00




Magnea Gunnarsdóttir



Ágúst Guðmundsson



Petrína Jónsdóttir



Kristófer Tómasson